



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

BRANTELID LEIKUR DVOŘÁK

10. NÓVEMBER 2016



VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum standur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

Áætluð tímalengd:

Aequora: 11'

Sellókonsert: 40'

Sinfónía: 45'



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

FIM 10 NOV 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

BRANTELID LEIKUR DVOŘÁK

Yan Pascal Tortelier
hljómsveitarstjóri

Andreas Brantelid
einleikari

EFNISSKRÁ

María Huld Markan Sigfúsdóttir
Aequora (2016)

Antonín Dvořák
Sellókonsert í h-moll op. 104 (1894–95)
Allegro
Adagio ma non troppo
Finale. Allegro moderato

HLÉ

Jean Sibelius
Sinfónía nr. 2 í D-dúr, op. 43 (1901–02)
Allegretto
Tempo andante, ma rubato
Vivacissimo – Lento e suave –
Finale: Allegro moderato



YAN PASCAL TORTELIER

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Yan Pascal Tortelier er nýr aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og tíundi stjórnandinn sem gegnir þeirri stöðu. Tortelier kemur úr þekktri franskri tónlistarfjölskyldu og faðir hans, Paul Tortelier, var einn mesti sellóleikari Frakklands á 20. öld. Yan Pascal hóf ungur nám í fiðlu- og píanóleik og stundaði einnig nám í hljómfraði og kontrapunkti hjá Nadiu Boulanger. Fjórtán ára gamall vann hann til fyrstu verðlauna í fiðlukeppni við Tónlistarháskólann í París og þreytti sama ár frumraun sína sem einleikari með Fílharmóníuhljómsveit Lundúna. Hugur hans stefndi þó annað og að loknu námi í hljómsveitarstjórn hjá Franco Ferrara í Siena starfaði hann um níu ára skeið sem aðstoðarstjórnandi Orchestre National du Capitole de Toulouse.

Tortelier var síðan aðalhljómsveitarstjóri Ulster-hljómsveitarinnar í Belfast á Norður Írlandi frá 1989–1992 og BBC-fílharmóníunnar á árunum 1992–2003. Þá var hann aðalgeststjórnandi Pittsburgh-sinfóníunnar frá 2005–2008 og aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í São Paulo í Brasilíu frá 2009–2011 og er nú heiðursgestastjórnandi hennar.

Yan Pascal Tortelier hefur í gegnum tíðina stjórnað mörgum af helstu hljómsveitum heimsbygðarinnar. Þar má meðal annars nefna Sinfóníuhljómsveit Lundúna, Concertgebouw-hljómsveitina í Amsterdam, Tékknesku fílharmóníuna, Filharmonien í Ósló, Filarmonica della Scala í Milánó, Philadelphia Orchestra, Fílharmóníuhljómsveitirnar í Lundúnum, Sankti Pétursborg og Los Angeles og sinfóníuhljómsveitirnar í Boston, Chicago og Montreal.

Tortelier hefur um langt árabil starfað fyrir Chandos-útgáfuna og hljóðritað fjöldamörg verk, einkum með Ulster-hljómsveitinni og BBC-fílharmóníunni. Afraksturinn er meðal annars verðlaunadiskar með hljómsveitarverkum eftir Ravel (þar á meðal eigin hljómsveitarútsetning á píanótríói Ravels), César Franck, Albert Roussel og Henri Dutilleux.



ANDREAS BRANTELID

EINLEIKARI

Andreas Brantelid fæddist í Kaupmannahöfn árið 1987 og er einn eftirsóttasti einleikari Norðurlanda. Hann hóf tónlistarnám hjá föður sínum Ingemar, sem er kunnur sellóleikari og fyrrum nemandi Erlings Blöndal Bengtssonar. Andreas debúteraði sem konsertsólisti 14 ára gamall og lék þá sellókonsert Elgars ásamt Konunglegu dönsku símfónúhljómsveitinni.

Andreas Brantelid hefur komið fram með mörgum helstu hljómsveitum heims, m.a. öllum helstu hljómsveitum Norðurlanda en einnig t.d. Fílharmoníuhljómsveit Lundúna, Mahlerkammersveitinni og Birmingham-símfónúhljómsveitinni. Meðal þeirra stjórnenda sem hann hefur starfað með má nefna Esa-Pekka Salonen, Andris Nelsons, Sakari Oramo og Robin Ticciati. Á döfinni eru m.a. tónleikar þar sem hann flytur allar sellósónötur Beethovens ásamt Christian Ihle Hadland, og tónleikaferð til Kína með Fílharmoníuhljómsveit Lundúna. Hann hefur einnig leikið kammertónlist með þekktum tónlistarmönnum á borð við Daniel Barenboim, Joshua Bell, Vadim Repin og Gidon Kremer, og hefur haldið einleikstónleika m.a. í Carnegie Hall, Wigmore Hall, Concertgebouw í Amsterdam og Palau de la Música í Barcelona.

Andreas Brantelid hreppti fyrstu verðlaun í Eurovision-keppni ungra einleikara árið 2006, og hlaut Borletti-Buitoni verðlaunin árið 2008. Hann hlaut Carl Nielsen-verðlaunin í Kaupmannahöfn árið 2015. Hann hefur hljóðritað geisladiska fyrir EMI og BIS, og ný hljóðritun hans af öllum sellóverkum Gabriels Fauré er um það bil að koma á markað. Hann leikur á „Boni-Hegar“ sellóið sem Antonio Stradivari smíðaði árið 1707, og sem hann hefur að láni frá norska safnaranum Christen Sveaas.



MARÍA HULD MARKAN SIGFÚSDÓTTIR

AEQUORA

María Huld Markan Sigfúsdóttir (f. 1980) fiðluleikari og tónskáld hefur farið um víðan völl tónlistarinnar. María Huld útskrifaðist frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 2000 og frá Listaháskóla Íslands með BA-gráðu í tónsmíðum árið 2007. Auk þess að sinna tónsmíðum hefur María Huld verið meðlimur í hljómsveitinni amiinu til margra ára og með henni ferðast heimshorna á milli og flutt tónlist í ýmsum myndum. María hefur á undanförunum árum unnið með hinum ýmsu listamönnum og hljómsveitum, t.d. Sinfóníuhljómsveit Íslands, Nordic Affect, London Sinfonietta, Francesco Scavetta, Spiritualized, Yann Tiersen, Julianna Barwick, Guy Maddin, Ben Frost, Aono Jikken Ensemble, Sigur Rós, Ragnari Kjartanssyni og Sólstöfum.

Árið 2012 hlaut María viðurkenningu frá IRC (International Rostrum of Composers) fyrir verk sitt, *Sleeping Pendulum*. Upptökur af verkum hennar hafa hlotið mikið lof gagnrýnenda, og má þar sérstaklega nefna plötuna *Clockworking* sem kom út á árinu 2015 á vegum Sono Luminus-útgáfunnar og hefur að geyma tvö tónverk Maríu Huldar í flutningi tónlistarhópsins Nordic Affect. Einnig hefur María samið tónlist við kvikmyndir og dansverk og hafa tónsmíðar hennar verið fluttar á Íslandi, Bandaríkjunum og Evrópu. Hljómsveitarverkin *1001 – for bowed metal* og *Aequora* voru samin sérstaklega fyrir og frumflutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands.

María Huld segir eftirfarandi um verk sitt: „Verkið *Aequora* á uppruna sinn í öðru verki sem samið var fyrir píanó og elektróník og frumflutt á Listahátíð í Reykjavík 2015 af Árna Heiðari Karlssyni. Það verk var í upphafi notað sem eins konar beinagrind sem bætt var utan á og klippt og límt, breytt og bætt, þar til nýtt og sjálfstætt verk var orðið til, mjög ólíkt upphaflegu beinagrindinni. Nafngiftin *Aequora* er fengin úr ljóðabókinni *Nox* eftir kanadíska ljóðskáldið Ann Carson. *Aequora* er latneskt orð í hvorugkyni eintölu og merkir slétt yfirborð eða sléttir fletir. Tilfinning ljóðsins, sem er í raun stílfærð útskýring þessa latneska orðs, og hljómur orðsins sjálfs, er eins konar útgangspunktur fyrir verkið.“

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands frumflutti *Aequora* á

Tectonics-tónlistarhátíðinni

í apríl 2016. Áður hefur Sí frumflutt verk Maríu Huldar,

1001 – for bowed metal, á Tectonics-hátíðinni 2014.

Leiðir Maríu Huldar og Sí lágu raunar fyrst saman árið

2000 þegar hún lék einleik á fiðlu í *Poème* eftir Ernest

Chausson á útskriftar-tónleikum Tónlistarskólans í Reykjavík. *Aequora*

verður flutt á tónleikum

Filharmoniuhljómsveitarinnar í Los Angeles í Walt Disney

Hall 15. apríl 2017, þá undir stjórn Esa-Pekka Salonen.



ANTONÍN DVOŘÁK

SELLÓKONSERT


Antonín Dvořák (1841–1904) var lítill heimsborgari og hvergi kunnir hann betur við sig en í sveitum Bæheims. Það kom því vinum hans í opna skjöldu þegar hann síðla árs 1891 tók boði um að halda vestur um haf til New York og taka þar við stöðu skólastjóra National Conservatory of Music. Í september 1892 höfðu Dvořák og eiginkona hans hreiðrað um sig á East 17th Street, þar sem þau áttu heimili sitt næstu þrjú árin. Vesturheimsdvölin var um margt ánægjuleg. Fyrir utan skólastjórastarfið bauðst Dvořák að stjórna helstu hljómsveitum Bandaríkjanna, m.a. í nýbyggðri tónleikahöll Andrews Carnegie á 57. götu. En Dvořák var þjakaður af heimþrá og vorið 1895 hafði hann fengið nóg. Síðasta verkið sem hann samdi í New York var sellókonsert sem hann lauk við snemma árs við mikinn létti. „Guði sé lof, 9. febrúar 1895, klukkan hálf tólf að morgni,“ skrifaði hann þegar glíman var á enda.

Dvořák hafði haft efasemdir um að sellóið væri hentugt einleiks-
hljóðfæri með hljómsveit. Honum snerist hugur eftir að hafa heyrt bandaríska sellistann og tónskáldið Victor Herbert, sem var fyrsti sellóleikari Metropolitan-hljómsveitarinnar, flytja eigin sellókonsert vorið 1894. Útkoman hjá Dvořák varð einn glæsilegasti sellókonsert sögunnar. Sagan segir að sellistinn Robert Hausmann hafi leikið verkið fyrir hinn aldna Johannes Brahms árið 1897. Þegar flutningnum var lokið á Brahms að hafa sagt: „Af hverju sagði mér enginn að það væri hægt að semja svona sellókonsert? Hefði ég vitað það væri ég löngu búinn að semja einn slíkan!“

Fyrsti þáttur verksins er í hefðbundnu konsert-sónötuformi: hljómsveitin kynnir tvö meginstef til sögunnar og því næst fær sellistinn að spreyta sig. En þótt ytra formið sé samkvæmt bókinni eru stefin sjálf langt frá því að vera hversdagsleg. Hið fyrra er þungbúið, hefur jafnvel yfir sér útfararblæ. Seinna stefið, sem hornið kynnir til sögunnar, er svo fagurt að það hefði líklega tryggt vinsældir konsertsins þótt ekki hefði annað komið til. Hægi kaflinn hefst á klarínettustefi sem minnr á Brahms, lærimeistara Dvořáks og velgjörðarmann. Því næst tekur við dramatískur millikafl þar sem sellóið leikur m.a. hendingar úr sönglagi Dvořáks, *Kež duch muj sám* (úr *Fjórum sönglögum* op. 82). Konsertinum lýkur á kraftmiklum rondóþætti sem hefur tékkneskan keim. Undir lokin heyrir tregafullur söngur hæga kaflans enn á ný, og upphafsstef fyrsta þáttar skýtur einnig upp kollinum áður en hljómsveitin setur lokapunkt með viðeigandi glæsibraug.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sellókonsert Dvořáks hefur hljómað nítján sinnum í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Erling Blöndal Bengtsson frumflutti hann hér á landi 1950 og lék hann aftur 1970 og 1977. Mstislav Rostropovitsj lék konsertinn 1954 og aftur 1978, í seinna skiptið undir stjórn Vladimirs Ashkenazy. Tveir aðrir sellistar hafa einnig flutt konsertinn í tvígang, Ralph Kirshbaum (1974 og 1989) og Bryndís Halla Gylfadóttir (1992 og 2002). Steven Isserlis lék einleik 1998 og Alban Gerhardt 2006, en síðast flutti Sæunn Þorsteinsdóttir konsertinn árið 2010.



JEAN SIBELIUS

SINFÓNÍA NR. 2

Jean Sibelius var illa á sig kominn síðla árs 1900. Yngsta dóttir hans var nýlátin úr taugaveiki, hjónabandið stóð á brauðfötum og hann reykti og drakk langt fram úr hófi. Það var góðvinur hans að nafni Axel Carpelan sem greip í taumana: „Þú verður að fara til Ítalíu! Þú manst hversu góð áhrif það hafði á Strauss og Tsjajkovskíj að dveljast þar!“ Carpelan skrapaði saman 5000 finnskum mörkum og sendi Sibelius suður á bóginn. Listræni árangurinn lét heldur ekki á sér standa. Þegar Sibelius sneri aftur norður á bóginn eftir nokkurra mánaða dvöl í Rapallo, skammt suður af Genóa, hafði hann í farteskinu drög að nýrri símfóníu.

Sibelius var þjóðlegt tónskáld og mörg verka hans byggja á finnskum þjóðararfi. Þó varaði hann hlustendur við því að leita um of eftir þjóðernislegu inntaki í símfóníum sínum. Í viðtali árið 1934 sagði hann: „Símfóníur mínar eru hugsaðar eingöngu út frá tónlistinni sjálfri. Símfónía á að vera tónlist fyrst og síðast.“ Þó hafa ýmsir viljað halda því fram að önnur símfónía Sibeliusar hafi undirtón áróðurs fyrir sjálfstæði Finnlands – t.d. hljómsveitarstjórnir Georg Schnéevoigt og Robert Kajanus, sem þóttist greina „tregablandin mótmæli“ í hæga kaflnum og „upplífandi sigur“ í lokapættinum. Aðrir heyra ávæning af finnsku landslagi í tónlist Sibeliusar þótt örðugt sé að skilgreina nánar í hverju hið „norræna“ í tónlist hans felst.

Framvindan í tónlist Sibeliusar er um margt ólík því sem heyra má í hinni þýsk-austurrísku símfóníuhefð. Fyrsti kafli símfóníunnar er ágætt dæmi. Það er almenn venja í símfóníum og öðrum verkum í hinu svokallaða „sónötuformi“ (sónötum, tríóum, kvartettum, konsertum, o.s.frv.) að hefja leik með breiðum og eftirminnilegum stefjum sem síðan eru bútuð niður í smærri einingar þegar líður á verkið. Sibelius fer þveröfugt að. Hann kynnir fyrst til sögunnar litla stefjabúta – endurtekna hljóma í strengjum, blítt og dansandi stef í óbóum og klarínettum, hádramatískt fiðlustef, veikt strengjaplokk, o.s.frv. Samhengið er ekki alltaf auðheyrð en eftir því sem líður á kaflann verða hendingarnar lengri, tengingarnar skýrari, flæðið betra. Sjálfur lýsti Sibelius tónsmíðaáferð sinni svo: „Það er eins og sjálft almættið hafi fleygt niður mósaíkbútum af gólfi himnaríkis og sagt mér að púsla þeim saman.“

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Önnur símfónía Sibeliusar nýtur mikilla vinsælda og hefur Sí leikið hana fjórtán sinnum áður á tónleikum, oftast en nokkra aðra símfóníu tónskáldsins. Meðal þeirra sem haldið hafa um tónsprotann eru Jussi Jalas, sem var tengdasonur Sibeliusar (1950 og 1974), Jóhann Tryggvason (1955), Karsten Andersen (1976), Osmo Vänskä (1996, m.a. á tónleikum í Carnegie Hall), Petri Sakari (1997 og 2008) og Yuri Temirkanov (2000).

Annar kafli hefst á pákuslætti og plokkuðu stefi í kontra-
bössum og sellóum. Ekki líður á löngu þar til leikurinn
æstist til muna, strengir og blásarar kallast á og tónlistin nær
tilþrifamiklum hápunkti áður en allt dettur aftur í dúnalogn. Í
þrjá takta ríkir ólýsanleg kyrrð, með undurbliðum en þykkum
strengjahlómum, en þá fer allt af stað á ný. Úrvinnslan
einkennist af iðandi skölum og trillum sem Sibelius notar oft
í tónlist sinni – stefin hreyfast varla úr stað en eru samt full af
orku. Tónlistin verður bútakenndari eftir því sem á líður – hér er
þróunin öfug við þá sem knúði áfram fyrsta þátt verksins.

Scherzóið hefst á öðru suðandi stefi í fiðlum sem virðist keyra
allt í kaf sem á vegi þess verður. Kaflinn æðir áfram á fleygiferð
þar til kemur að hægari millikafla, en þegar scherzóið snýr
aftur stefnir það í aðra átt en áður. Kaflinn rennur saman við
lokaþáttinn þar sem kennir ýmissa grasa. Tignarlegt aðalstefið
er þó mjög í sviðsljósinu og leiðir að lokum inn í mikilfenglegan
lokahljóminn.

Árni Heimir Ingólfsson

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

10. NÓVEMBER 2016

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Nicola Lolli
Hulda Jónsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Bryndís Pálsdóttir
Pálína Árnadóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Andrzej Kleina
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir

2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares
Vera Panitch
Gunnhildur Daðadóttir
Hlín Erlendsdóttir
Kristján Matthíasson
Dóra Björgvinsdóttir
Christian Diethard
Roland Hartwell
Ólöf Þorvarðsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Þórdís Stross

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Sarah Buckley
Þórarinn Már Baldursson
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Kathryn Harrison
Guðrún Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Margrét Árnadóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Lovisa Fjeldsted

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Felicia Greciuc
Peter Tompkins
Daði Kolbeinsson

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Michael Kaulartz
Brjánn Ingason

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Lilja Valdimarsdóttir
Frank Hammarin

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Ásgeir Steingrímsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Elísabet Waage

PIANÓ

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steeff van Oosterhout
Árni Áskelsson

CIMBALOM

Frank Aarnink

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Osmo Vänskä *aðalgestastjórnandi*
Vladimir Ashkenazy *heiðursstjórnandi*
Daniel Bjarnason *staðarlistamaður*

Arna Kristín Einarsdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótta- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Greipur Gíslason *verkefnastjóri*
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*
Jökull Torfason *umsjónarmaður nótna*

Á DÖFINNI

FIM 17 NOV 19:30



VÍKINGUR OG TORTELIER

Richard Strauss og Ígor Stravinskij teljast með helstu tónjöfnum 20. aldar. Hér hljóma sjaldhryð verk þeirra fyrir píanó og hljómsveit, Burleske og Capriccio – bæði eins konar skemmtimúsík full af glenski og fjöri. Einleikari á tónleikunum er Víkingur Heiðar Ólafsson sem veur athygli á heimsvísu fyrir innblásinn og agaðan leik sinn. Á undanförunum mánuðum hefur hann meðal annars leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit danska útvarpsins undir stjórn Ashkenazys, auk þess sem hann tók við stjórn tónlistarhátíðarinnar Vinterfest af sænska klarínetsnillingnum Martin Fröst. Á tónleikunum verður einnig frumflutt verk eftir Hauk Tómasson, *From Darkness Woven*, og svíta með frægustu þáttum *Eldfuglsins* eftir Stravinskij. Stjórnandi er aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Yan Pascal Tortelier.

Tónleikakynning kl. 18:00

FIM 01 DES 19:30



AÐVENTUTÓNLEIKAR

Áðventutónleikum Sinfóníunnar hljómar hátíðleg tónlist eftir þrjá meistarana 18. aldar: Bach, Händel og Mozart. Tvö hrífandi verk eftir Mozart ramma inn efnisskrána, fjörmikill forleikur að *Brúðkaupi Figarós* og sífónía nr. 39 sem var ein sú síðasta sem hann samdi. Glæsilegt kórverk Händels var samið til flutnings við krýningu Karólínu Bretadrottningar í Westminster Abbey árið 1727 og hefur engu glatað af hátíðleika sínum. Hamrahlíðarkórarnir hafa komið fram á ótal tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands og bjartur og tær hljómur þeirra hentar tónlist Händels sérlega vel. Einleikari á Aðventutónleikunum er Elfa Rún Kristinsdóttir sem hefur vakið verðskuldaða athygli víða um heim og var nýverið tilnefnd til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs. Elfa Rún hefur hlotið mikið lof fyrir flutningi sinn á verkum Bachs og nýr geisladiskur hennar með partítum meistarans hefur fengið afburða góða dóma. Þessir tónleikar, undir stjórn norska hljómsveitarstjórans Eivinds Aadland, láta engan ósnortinn og koma öllum í sannkallað hátíðarskap í upphafi aðventu.

Tónleikakynning kl. 18:00



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Systurnar Pálína Árnadóttir og Margrét Árnadóttir mynda stundum hálfan strengjakvartett.



Pálína: Hljóðfæraleikarar vinna í nokkuð sérhæfðum heimi. **Margrét:** Já, við notum jafnvel okkar eigin hugtök til að lýsa spilastíl og tækni. Til dæmis þykir oft gott að strengjaleikarar spili nótur með því að „húkka“. Það hljómar líka furðulega þegar óvant fólk heyrir okkur tala um að spila við „froskinn“ eða „oddinn.“

Þó að tengslin milli meðlima Sinfóníuhljómsveitar Íslands geti verið með ýmsum hætti þá eru systkin innan sveitarinnar frekar óalgeng í sögu hennar. En það dylst engum að þær eru systur þær Pálína og Margrét Árnadóttir, þó svo að litatónninn í bylgjuðu hárinu sé ekki alveg sá sami.

Báðar lögðu þær tónlistina fyrir sig á sínum tíma og völdu strengjahljóðfæri til að leika á. Pálína valdi fiðlu en Margrét selló og þær geta því fyllilega myndað betri helminginn af strengjakvartett ef svo ber undir. Þær systur eru samstíga um flest allt og lærðu t.d. báðar hljóðfærslátt sinn

við hinn virta Julliard tónlistarháskóla í New York sem þykir einn sá allra virtasti í heimi. Tónlist er þeim systrum í blóð borin og þess má til gamans geta að faðir þeirra, Árni Arinbjarnarson, er mikill tónlistarmaður sem leikið hefur bæði á orgel og með Sinfóníuhljómsveit Íslands á fiðlu til fjöldamargra ára.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is